

Borgarbyggð
Skipulagsfulltrúi
Digranesgötu 2
310 Borgarnes

Reykjavík, 6. júlí 2023
UST202306-337/R.K.
10.04.02

Efni: Umsögn - aðalskipulag - Frístundabyggð Eskiholts II

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Borgarbyggðar er barst 23. júní síðast liðinn þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu að breytingu á aðalskipulagi - Frístundabyggðar Eskiholts II í verslunar- og þjónustusvæði.

Í greinargerð kemur fram að helsta breytingin sem eigi sér stað í lýsingunni sé að sá hluti frístundasvæðis (F37) sem gistihús í eigu Eskiholts II standa á verði merkt sem verslunar- og þjónustusvæði þannig að hægt verði að reka gistihúsin sem þar standa. Í deiliskipulagi fyrir frístundasvæðið í Eskiholti II er gert ráð fyrir gistihúsum á svæðinu. Helsta breytingin felst því í að skilgreina norður og austurhluta frístundasvæðisins F37 í verslunar- og þjónustusvæði. Samhliða þarf að uppfæra greinargerð Aðalskipulags Borgarbyggðar 2010-2022 þannig að þar sem fjallað er um F37 standi Eskiholt II en ekki Eskiholt 1, samhliða verður stærð svæðisins leiðrétt úr 153,3 ha í 52 ha. Misræmis gætir í afmörkun á frístundasvæðum á umræddu svæði og stendur til að leiðrétta það með GPS mælingum.

Í greinargerð kemur fram að helstu gróðurtegundir á svæðinu eru birkikjarr, fjalldrapi, gulvíðir og loðvíðir ásamt lyngmóa og lágvöxnu kjarri. Birkiskógar njóta sérstakrar verndar skv. ákvæði náttúruverndarlaga sbr. b lið 2. mgr. 61. gr. laganna. Honum verður hlíft við raski með því fella frístundabyggðina að skóginum.

Umhverfisstofnun vill benda á að auk þess sé að finna á svæðinu fjalldrapamóavist, starungamýrarvist og grasengjavist sem hafa hátt verndargildi samkvæmt Bernarsamningnum¹. Að auki er klettaborgin Stóraborg innan skipulagssvæðisins en ekkert rask mun eiga sér stað við hana þar sem það er hagur svæðisins að halda henni óraskaðri.

Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemdir við fyrirhugaða breytingu á aðalskipulagi Borgarbyggðar, en bendir á að fella skuli fyrirhugaðar byggingar að landslagi og gróðri eins og framast er kostur og að birkiskógar njóti sérstakrar verndar í skv. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Virðingarfyllst,

¹ <https://www.stjornarradid.is/efst-a-baugi/frettir/stok-frett/2002/12/27/Althjodlegir-umhverfissamningar-Bernarsamningur/>

Ríkey Kjartansdóttir
Sérfræðingur

Rakel Sæmundsdóttir
sérfræðingur